

Sp. **306. Tillaga til þingsályktunar** [166. mál]
um hægri handar akstur.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé orðið tímabært að taka upp hægri handar akstur hér á landi, og enn fremur að láta gera áætlun um framkvæmdir í því sambandi.

Greinargerð.

Með greiðum og vaxandi samgöngum milli landa fer það í vöxt, að fólk taki með sér bifreiðar, er það ferðast meðal annarra þjóða. Þá er óheppilegt og hættulegt, að umferðarreglur séu mismunandi. Flestar þjóðir hafa hægri handar akstur, þar á meðal allar Evrópuþjóðir nema Englendingar, Svíar og Íslendingar. Svíar eru ákveðnir að breyta þessu árið 1967, og í Englandi eru sérfræðingar í umferðarmálum farnir að hvetja til breytinga þar og telja brýna nauðsyn að taka upp sömu reglu og á meginlandinu. Hjá því getur varla farið, að við verðum fyrir eða síðar að fylgjast með í þessum efnum. Það þarf hins vegar allmikinn undirbúning og verður kostnaðarsamara, eftir því, sem það dregst lengur. Með vandlegum undirbúningi og því að hafa nægan tíma til umráða má verulega draga úr kostnaði við breytinguna. Þess vegna er þessi tillaga flutt nú.